



# Ársskýrsla

starfsárið 2024-2025

maí - apríl

Aðalfundur 2025

28. maí 2025

## Innihald

Skýrsla stjórnar 2024-2025 .....	3
Félagar .....	4
Stjórn Upplýsingar 2024-2025 .....	4
Rekstur félagsins .....	4
Ferðasjóður Upplýsingar .....	5
Afsláttarkjör fyrir félagsmenn .....	5
Útgáfumál og upplýsingamiðlar .....	5
Fregnir .....	5
Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar .....	6
Miðlun upplýsinga til félagsmanna .....	6
Utanumhald miðla Upplýsingar .....	6
Fræðslumál .....	6
Morgunkorn 2024- 2025 .....	6
Aðrir viðburðir .....	7
Skýrslur hópa og nefnda 2024- 2025 .....	8
Fastanefndir .....	8
Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins .....	8
Landsfundarnefnd .....	8
Skýrsla notendahóps Gegnis 2024-2025 .....	8
Annað innlent samstarf 2024 - 2025 .....	10
Fjölmiðlanefnd TUMI .....	10
Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í .....	10
Norrænt og alþjóðlegt samstarf .....	11

## Skýrsla stjórnar 2024-2025

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins níu stjórnarfundum á tímabilinu, þrjú staðfundir og sex fjarfundir auk mikilla samskipta á Teams og í tölvupósti.

Upplýsing sendi umsögn inn í Samráðsgátt þann 29. mars 2025 vegna máls 144/2025, Bókmenntastefna fyrir árin 2025-2030 og fagnaði þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni. Einkum þar sem fjallað er um bætt aðgengi barna og ungmenna að bókmenntum og að stefnt sé að markvissri eflingu skólabókasafna. Upplýsing lýsti sig einnig tilbúna til samstarfs um að þau markmið stefnunnar er lúta að bókasöfnum nái fram að ganga.

FFÁS hafði frumkvæði að því að Upplýsing og Viska sendu bréf til Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur þann 1. apríl 2025. Bréfið var viðbragð vegna yfirlýsingar nýrrar borgarstjórnar um eflingu skólasafna. Upp úr bréfinu sömdum við svo skoðanagrein sem birtist á Vísi sem birtist 10. apríl 2025.

Félagið bauð upp á fimm fræðslufundi í viðburðaröð sem kölluð er Morgunkorn og lesa má nánar um í ársskýrslunni, sjá kafla 8 um fræðslumál.

Þá stóðum við fyrir könnun meðal félagsmanna um ágæti fræðslufundanna og spurðum hvort þeir hefðu athugasemdir eða óskir. Mikill meirihluti var ánægður með fyrirkomulagið og vill hafa fundina bæði í streymi og tekna upp. Félagið mun leitast við að mæta þeim óskum.

Norrænu bókavarðafélögin heimsóttu okkur í febrúar. Fundarstaður var Þjóðarbókhlaðan. Margt var rætt, meðal annars væntanlega kosningar hjá IFLA og hvort við ættum að breyta fyrirkomulagi þessa fundar og hafa fyrirfram ákveðið stefnumið til umfjöllunar í dagskrá í stað hefðbundinna kynninga á félögunum. Rætt hefur verið um að bæta Grænlandi og Færeyjum í hópinn. Á fundinum var ákveðið að félögin sendu umsókn um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar til að fjármagna verkefnið „Vika 17, Bókasöfnin, sjálfbærni og heimsmarkmiðin“. Miðað er við að verkefnið þarfnist 2 stöðugilda í fimm ár, einn sem hafi fullt stöðugildi til samræmingar, en Finnland, Noregur, Svíþjóð og Ísland fái fjórðungsstöðugildi og að Ísland hafi Grænland og Færeyjar með sér.

Formaður þakkar kærlega öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem héldu erindi á Morgunkornum og þeim sem á hlýddu.

Bókasafnsdagsnefnd er þakkað fyrir skemmtilegan Bókasafnadag þann 6. september sl., og Margréti Sigurgeirsdóttur sérstaklega fyrir að taka að sér kynningu í forföllum formanns. Eins eru þeim þakkir færðar sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu.

En síðast en alls ekki síst vil ég þakka stjórnarliðum og vefstjóra fyrir þeirra vinnu í þágu félagsins. Vefurinn hefur verið uppfærður sem var heljarvinna. Við sjáum eftir tveimur úr stjórninni núna, vefstjóra og varaformanni, en vonum að okkur hafi takist að fylla þeirra skarð.

## Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 345 einstaklingar og 26 stofnanir. Félagar detta út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Aðrir hætta vegna aldurs eða vegna nýrra starfa utan bókasafna.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshóp Bókasafnsdags eru undanþegnir félagsgjöldum til að vega upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

## Stjórn Upplýsingar 2024-2025

Samkvæmt núgildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2024-2025 var sem hér segir:

Formaður: Þórný Hlynsdóttir, Háskólinn á Bifröst (til tveggja ára frá 2022)

Varaformaður: Andrea Ævarsdóttir, (til tveggja ára frá 2023)

Gjaldkeri: Laufey H. Svavarsdóttir (til tveggja ára frá 2024)

Ritari: Sigurlaug Jóna Hannesdóttir (til tveggja ára frá 2024)

Meðstjórnandi: Sif Sigurðardóttir, Tækniskólanum (til tveggja ára frá 2023), meðstjórnandi er jafnframt vefstjóri.

Varamenn í stjórn: Stefanía Gunnarsdóttir og Sigurgeir Finnsson

## Rekstur félagsins

Félagið rekur ekki skrifstofu undir starfsemi sína Starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum sumra, með leyfi yfirmanna þeirra.

Stjórnarmenn fá þóknun fyrir stjórnarsetu og aukalega er greitt fyrir vefstjórn, varaformaður, ritari og meðstjórnandi fá þóknun tvisvar á ári, en gjaldkeri og formaður mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og er í forsvari fyrir félagið. Þóknun til stjórnar er tilgreind í ársreikningum félagsins.

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana standa nú höfuðstraum af rekstri félagsins því styrkur fæst ekki lengur frá ráðuneyti. Vegna stærri viðburða eins og Bókasafnadags og Landsfundar er hefð fyrir því að leita eftir styrkjum bæði til stærri bókasafna, Þjónustumiðstöðvar bókasafna, Landskerfis bókasafna og jafnvel til staðbundinna fyrirtækja. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og að kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Hagnaður af Landsfundi er sá sjóður sem umsóknir um ferðastyrk er greiddur úr.

Mikið hefur verið rætt innan stjórnar hvernig hægt sé að bregðast við breyttu rekstrarfyrirkomulagi án þess að hækka félagsgjöld til einstaklinga. Okkar helsta von er að fá fleiri bókasöfn til að greiða stofnanaaðild að að þeir peningar verði eyrnamerkir Bókasafninu og Bókasafnsdeginum í reikningum félagsins.

## Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni bárust 3 umsóknir og uppfylltu þær allar skilyrði fyrir styrkveitingu og var því 3 styrkjum úthlutað.

Eftirfarandi hlutu styrk árið 2025:

- Katrín Rós Finnsdóttir, Bókasafn Kópavogs
- Eyrún O. Jónsdóttir, Bókasafn Kópavogs
- Alda Hrannardóttir, Bókasafn Patreksfjarðar

## Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn 2024-2025

- Eymundsson, 20% afsláttur af bókum og tímaritum eingöngu
- Iða Zimsen, 20% afsláttur
- A4, 10% afsláttur
- Morgunkorn, fræðslufundir Upplýsingar, frítt fyrir félagsmenn. Kaffveitingar í boði.
- Landsfundur, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Málþing, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Jólagleði, frítt fyrir félagsmenn
- Vorgleði, frítt fyrir félagsmenn

Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið með því að sækja þá viðburði sem félagið býður frítt fyrir þá..

## Útgáfumál og upplýsingamiðlar

### Fregnir

Fréttabréfið Fregnir er sendur reglulega á netföng félagsmanna, komið hafa út tólf tölublöð á starfsárinu með upplýsingum um hvað helst er á döfinni hjá bókasöfnum, tilkynningar um Morgunkorn verið send út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins.

Eldri tölublöð er að finna hér: [FREGNIR](#)

Enn eldri tölublöð Fregna er að finna á vefnum <http://upplýsing.wordpress.com/>

## Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

### Miðlun upplýsinga til félagsmanna

Upplýsing.is – [www.upplysing.is](http://www.upplysing.is)

Heimasíða félagsins gefur greinagóða yfirsýn um starfsemi félagsins, fræðslumál, styrki til félagsmanna og upplýsingar um viðburði, liðna sem og það sem helst er að fréttu af innlendum og erlendum vettvangi.

Helstu tilkynningar félagsins eru birtar á Facebook síða Upplýsingar og í Fregni sem er sendur í tölvupósti til félagsmanna. Afar mikilvægt er að félagsmenn láti félagið vita af netfangabreytingum.

Fésbókarsíða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar um viðburði, myndir úr starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum og viðburðum tengdra félaga er deilt á síðuna. Síðan hefur yfir 500 fylgjendur.

### Utanumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er Svanhvít Sif Sigurðardóttir. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra upþákoma á vegum félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita og deila. Vefstjóri hefur einnig séð um viðburði sem haldnir hafa verið sem fjarfundir árið 2024-2025. Eftir að vefstjóri varð einnig meðstjórnandi tók hann við verkefninu að miðla upplýsingum með Fregni.

## Fræðslumál

### Morgunkorn 2024- 2025

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári, þótt þau séu nú aftur orðin staðbundin er áfram boðið upp á streymi og yfirleitt er upptaka fyrir þá sem ekki komast.

Tilgangur Morgunkorna er að efla faglega vitund félagsmanna og fá bæði einstaklinga utan og innan félagsins til að ræða mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Fundirnir fara fram í formi fyrirlestrar og standa í um það bil hálf tíma og lýkur með umræðum ef tími leyfir. Fundunum er streymt á Teams og upptaka birt á Youtube rás Upplýsingar fljótlega eftir að fundum lýkur.

Morgunkornið er ávallt haldið í tilefni Bókasafnsdagsins 8. September. Þann 8. September 2024 héldu almenningsbókasöfnin Glæpakviss – spurningakeppni í boði hins íslenska glæpafélags. Yfirskrift dagsins var “**Lestur er glæpsamlega góður.**” og Marteinn Knaran Ómarsson hélt fyrirlestur um glæpasögur á Borgarbókasafni í Kringlunni. Fyrirlesturinn bar heitið *Af túristadrápum og kviðristumorðum* og fjallaði um raðmorðingja og glæpasögur í menningunni. Margrét Sigurgeirsdóttir tók að sér að kynna daginn í forföllum formanns.

Morgunkorn októbermánaðar var haldið í Borgarbókasafninu Gerðubergi 24. október 2024 og fjallaði um bókasöfn og hringrásarhagkerfi. Borgarbókasafnið í Gerðubergi setti nýlega á fótt *Fribúð* þar sem fólk getur komið og losað sig við hluti og aðrir eignast þá. En hvernig tengist bókasafnið þessu hringrásarþema, er ekki allt að láni á bókasafninu? Ilmur Dögg Gísladóttir leiddi gesti í sannleikann um þetta.

Morgunkorn var haldið 23. janúar 2025 í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöllu. Þar kynntu Irma Hrönn Martinsdóttir frá Háskólanum í Reykjavík og Tinna Lind Guðjónsdóttir frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni nýjan kennsluvef í upplýsingalæsi. Kennsluvefurinn er ætlaður fyrir nemendur á háskólastigi og alla þá sem vilja efla færni sína í upplýsingalæsi. Námskeiðið er mikilvæg viðbót við þá upplýsingalæsiskenndu sem háskólabókasöfn veita nú þegar. Nemendur læra að leita að upplýsingum, meta þær og nota á ábyrgan hátt. Kennsluvefurinn er unninn af Vinnuhópi um upplýsingalæsi á íslenskum háskólabókasöfnum. Markmið vefsins er að samhæfa upplýsingalæsiskenndu á háskólastigi í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi. Kennsluvefurinn er í opnum aðgangi og er fjármagnaður með styrk úr Bókasafnasjóði.

Morgunkorn var síðan haldið 21. febrúar, þar fjallaði Andrea Ævarsdóttir um gervigreind. Fyrirlesturinn hét *Gervigreind í leik og starfi*. Umræða um gervigreind hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum og sitt sýnist hverjum um ágæti hennar í námi og vinnu. En hvernig getum við nýtt okkur gervigreindina til að einfalda okkur hlutina, bæði í leik og starfi? Andrea gaf nokkur góð ráð og benti á mismun þeirra AI tóla sem fremst standa.

Á Morgunkorni 20. mars fjallaði Emma Björk Hjálmarsdóttir frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni um stafræna varðveislu og þá vinnu sem liggur á bak við vefinn vefinn Timarit.is. **Timarit.is** er stafrænt safn sem veitir aðgang að milljónum myndaðra blaðsíðna á stafrænu formi af þeim prentaða menningararfi sem varðveittur er í blöðum og tímaritum frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Aðgangur er öllum opinn og stuðst er við nýjustu tækni í geymslu og miðlun upplýsinga. Markmiðið er að bæta aðgang að prentuðum blöðum og tímaritum og bjóða upp á nýjar rannsóknaraðferðir. Blöðin og tímaritin hafa að geyma, auk almenns fréttafnis og auglýsinga, mikið efni á sviði bókmennta, sagnfræði, ættfræði, þjóðlífs, menningar, atvinnuvega og viðskipta. Notendur geta leitað að efni á ýmsan hátt, svo sem eftir löndum og titlum, eða að völdu orði í öllum texta ritanna. Þeir geta einnig blaðað í gegnum efnið og prentað út valdar blaðsíður.

## Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin í húsnæði Bókasafns Kópavogs 22. nóvember 2024, þar var boðið upp á skemmtiatriði og léttar veitingar að venju. Hljómsveitin Eva færði okkur nær jólonum í anda og Eyrún Ósk Jónsdóttir starfsmaður á Bókasafni Kópavogs las frábæra sögu eftir sig sem hét Varapakki.

## Skýrslur hópa og nefnda 2024- 2025

Mönnun nefnda sem tengjast starfi félagsins eru að mestu leyti í höndum stjórnar félagsins. Stjórn hefur það viðmið við mönnun að reyna að finna áhugasama aðila frá öllum safnategundum til starfa. Kröfur ráðuneytis um tilnefningar bæði karls og konu í nefndir og ráð hefur valdið því að tímafrekt er að finna aðila af réttu kyni (KK) í þessu kvenmarga félagi.

Allir félagsmenn eru velkomnir í starfshópa Upplýsingar, æskilegt er að þeir sem eru fastir eins og undirbúningshópur Bókasafnsdagsins, Framtíðarhópurinn og Landsfundarnefnd séu sjálfbærir eftir fremsta megni, en stjórn Upplýsingar styður þeirra vinnu eins og hægt er.

Hér á eftir fara skýrslur þeirra föstu nefnda og starfshópa sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

### Fastanefndir

**Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins** hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Bókasafnsdagurinn 2024 var haldin hátíðlegur 6. september í tilefni af alþjóðlegum degi læsis sem er 8. september.

Þema dagsins árið 2024 var **Lestur er glæpsamlega góður**.

Skipulag dagsins fór að mestu í gegnum Facebook síðu undirbúningshóps. Þessar sátu í undirbúningsnefnd 2024: Arna Emilía Vigfúsdóttir, Margrét Björnsdóttir, Guðrún Dís Jónatansdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Edda Hrund Svanhildardóttir og Andrea Ævarsdóttir. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

Hvatningarverðlaun Upplýsingar eru veitt á Bókasafnsdaginn annað hvert ár, næst 2025.

**Landsfundarnefnd** heldur utan um landsfund Upplýsingar annað hvert ár og ræðst það af staðsetningu hans hverju sinni. Næsti landsfundur verður á Selfossi dagana 16.-17. október 2025 og liggur undirbúningur hans því í höndum sunnlenskra bókasafna undir handleiðslu Bókasafnsins á Selfossi. Nefndina skipa þær Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Árný Leifsdóttir, Elísa Elíasdóttir og Edda Hrund Svanhildardóttir. Það er allt að smella og við vonum að sem flestir mæti.

### Skýrsla notendahóps Gegnis 2024-2025

Hlutverk notendahópsins Gegnis er að:

- Koma með tillögur um fræðslu fyrir notendur og að skipuleggja almennar notendaráðstefnur í samvinnu við Landskerfi bókasafna hf.
- Vera tengiliður milli notenda og Landskerfis bókasafna í þeim tilgangi að samhæfa óskir og kröfur um endurbætur og forgangsraða þeim

Hópin skipa fjórir fulltrúar frá mismunandi safnategundum, háskóla- og sérfræðisöfnum, almenningssöfnum, framhaldsskólasöfnum og grunnskólasöfnum. Stjórnendur innan þessara safnategunda velja fulltrúa í hópinn.

Á síðasta starfsári var notendahópurinn skipaður þannig:

- Gunnhildur Björnsdóttir fyrir háskóla- og sérfræðisöfn (formaður)
- Brynhildur Jónsdóttir fyrir almenningsbókasöfn
- Hanna Þórey Guðmundsdóttir fyrir framhaldsskólasöfn (ritari)
- Rósa Björg Jónsdóttir fyrir grunnskólasöfn

Þær breytingar verða nú á skipan fulltrúa að Telma Rós Sigfúsdóttir býður sig fram sem fulltrúi háskóla- og sérfræðisafna og Anna Lilja Torfadóttir sem fulltrúi framhaldsskólasafna. Brynhildur Jónsdóttir og Rósa Björg Jónsdóttir gefa kost á sér áfram.

Engin erindi bárust til hópsins á árinu frá notendum kerfisins og enginn formlegur fundur var haldinn innan hópsins. Notendahópurinn kom þó að skipulagningu dagskrár notendaráðstefnu Gegnis 2025.

Gögn frá gamla vefnum alefli.is voru á árinu færð yfir á vef Upplýsingar.

*Fyrir hönd notendahóps Gegnis, Gunnhildur Björnsdóttir.*

## Skýrsla ritnefndar 2024-2025

Í ritnefnd Bókasafnsins 2024-2025 sitja Hallfríður Kristjánsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, María Bjarkadóttir, Borgarbókasafni og Tinna Lind Guðjónsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Í maí 2024 kom út fyrsti árgangur/tölublað tímaritsins, sem eingöngu er gefinn út rafrænt á vefslóðinni Bokasafnid.is. Þar sem rafræna útgáfan er framhald af prentaðri útgáfu tímaritsins, var blaðið þó merkt sem 44. árgangur Bókasafnsins. Blaðið innihélt alls 16 greinar.

Í maí/júní 2025 mun 45. árgangur tímaritsins líta dagsins ljós. Fyrsti fundur ritnefndar við undirbúning útgáfunnar 2025 var haldinn í Þjóðarbókhöðunni í október 2024. Aðrir fundir ritnefndar, um tíu talsins voru fjarfundir. Ritnefnd fékk afnot af nýju pósthólfi á árinu: [bokasafnid@upplysing.is](mailto:bokasafnid@upplysing.is). Ritstjórnarstefna, leiðbeiningar til höfunda og ýmsar upplýsingar á vefsíðu tímaritsins voru endurskoðaðar og uppfærðar í lok árs 2024, meðal annars til að bjóða upp á birtingu lengri greina og greina á ensku. Greinakall var sent út á póstlista og samfélagsmiðlahópa upplýsingafræðinga, og var að auki birt í Fregnum og á vef Upplýsingar í upphafi árs 2025.

Eftir að skilafresti greina lauk, 1. apríl 2025, skipti ritnefnd með sér verkum við yfirlestur, frágang skjala og samskipti við höfunda. Ritvinnsluskjöl, myndir, önnur fylgiskjöl og upplýsingar um höfunda eru vistaðar í OJS-kerfinu sem notað er til að birta blaðið. OJS-kerfið býður ekki upp á grafíska vinnslu eða frágang skjala á PDF-sniði þannig að, rétt eins og fyrra ár, fékk ritnefnd grafískan hönnuð, Jónu Lísu Helgadóttur, til að ganga frá lokaútgáfu blaðsins.

*Fyrir hönd ritnefndar, Hallfríður H. Kristjánsdóttir*

## Skýrsla fulltrúa í Bókasafnaráði 2024-2025

Þetta starfsár Bókasafnaráðs hefur gengið vel og hefur ráðið fundað að jafnaði á tveggja vikna fresti. Þess má geta að skipunartími meðlima í ráðinu líkur í ár.

Við höfum rætt ítrekað um öflun tölfræðiupplýsinga um söfnin og starfsemi þeirra, með það að markmiði að öflun þessara mikilvægu gagna verði komið í rétt horf.

Við höfum brugðist við og rætt málefni sem varða söfnin og starfsemi þeirra og höfum þannig reynt að minna á mikilvægi þeirra.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi bíðum við enn eftir fundi með ráðherra til að ræða bókasöfnin og stefnuna sem hefur legið hjá ráðherra allan þennan vetur.

Þetta vor var úthlutað úr Bókasafnasjóði í fimmta skipti. Heildaupphæð úthlutunar hljóðaði upp á 19 milljónir og bærust alls 25 umsóknir í sjóðinn. Að þessu sinni hlutu 11 umsækjendur styrki. Óskum við þeim öllum til hamingju. Nöfn styrkþega og verkefna má finna á vefsíðu Rannís.

*Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson*

## Annað innlent samstarf 2024 - 2025

### Fjölmiðlanefnd TUMI

Formaður Upplýsingar situr í fulltrúaráði Fjölmiðlanefndar þar sem fjallað er um upplýsinga- og miðlalæsi og hefur hún sótt flesta fundi nefndarinnar á árinu. Það er afar fróðlegt að fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað á fundum Fjölmiðlanefndar og öllu því starfi sem stuðlar að auknu læsi hvarvetna í þjóðfélaginu.

### IRMA

Stjórn Upplýsingar hefur verið í samskiptum við stjórn IRMA, félag skjalastjóra hjá hinu opinbera og reifað við þær hugmyndir að mögulegu samstarfi um sí- og endurmenntun.

Upplýsingafræðiskor Háskóla Íslands umræður eru í gangi um að formgera og auka samstarf skorarinnar og félaga upplýsingafræðinga, Upplýsingar og IRMA. Félagið átti fund á vordögum með nýjum lektor í upplýsingafræði, Jamie Rose Johnston og Rögnu Kemp. Það er von okkar að geta stutt við fræðin af auknum krafti á komandi árum.

## Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í

### Bókasafnaráð

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Bókasafnaráð fyrir árin 2021-2025. Fulltrúar Upplýsingar eru Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Helgi Sigurbjörnsson og til vara eru Margrét Sigurgeirsdóttir og Guðmann Kristþórsson.

### Samráðshópur um málefni Hljóðbókasafns Íslands

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Stjórn tilnefndi Andreu Dan Árnadóttur og Kristínu Lilju Thorlacius Björnsdóttur, til vara. Báðar starfa þær á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

## Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2023-2025. Stjórn tilnefndi Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur á bókasafni Tækniskóla Íslands og Halldór Marteinson á bókasafni Landspítala.

## Íslensk málnefnd

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Íslenska málnefnd, fulltrúi Upplýsingar þar 2024-2027 er Þórður Sævar Jónsson og Anna Kristín Hannesdóttir til vara.

## Höfundarréttaráð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (eins og það hét þá) óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Höfundarréttaráð árið 2021 og var Örn Hrafnkelsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skipaður í ráðið.

Ekki hefur verið kallað eftir tilnefningum í stað þeirra sem renna út 2025.

## Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókasafnafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu mikill fengur.

## Norrænu systurfélögin

- Svensk biblioteksforening
- Danmarks Biblioteksforening
- Finnish Library Association
- Finnish Research Libraries Association
- Norsk biblioteksforening
- Finlands Svenska biblioteksforening
- Upplýsing

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þingi stendur og svo skiptast félögin á að bjóða til funda í sínu landi. Norrænu bókavarðafélögin heimsóttu okkur í febrúar. Fundarstaður var Þjóðarbókhlaðan. Margt var rætt, meðal annars væntanlega kosningar hjá IFLA og hvort við ættum að breyta fyrirkomulagi þessa fundar og hafa fyrirfram ákveðið markmið til umfjöllunar í dagskrá í stað hefðbundinna kynninga á félögunum. Rætt hefur verið um að bæta Grænlandi og Færeyjum í hópinn. Norrænu félögin sendu umsókn um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar til að fjármagna verkefnið Vika 17, Bókasöfnin, sjálfbærni og heimsmarkmiðin.

## IFLA aðalfundur og WLIC 2024

WLIC 2024 féll niður, eftir að IFLA dró tilbaka tilboð frá Dubai um að halda ráðstefnuna vegna háværra mótmæla. IFLA WLIC 2025 verður haldin í Astana, höfuðborg Kasakstan í ágúst.

## ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsbókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar (Eydís Stefanía Kristjánsdóttir á Amtsbókasafninu á Akureyri), fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands. Árið 2025 voru þær Arndís Þórarinsdóttir og Rán Flygenring tilnefndar af Íslands hálfu til ALMA verðlaunanna.

Verðlaunin voru veitt frönskum rithöfundi, Marion Brunet, sem hefur fjallað um ungmenni og samfélagsleg málefni þeirra í verkum sínum.

## Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem aðili að IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Fulltrúar Upplýsingar 2021-2025 eru Guðný Ragnarsdóttir á Árnastofnun og varamaður Guðný Kristín Bjarnadóttir á bókasafni Reykjanesbæjar. Guðný Ragnarsdóttir hefur tilkynnt að hún muni hætta. Okkur vantar því einn fulltrúa fyrir næstu ár, en Guðný Kristín heldur áfram.

## IBBY á Íslandi

Árlega stendur IBBY á Íslandi staðið fyrir barna- og unglingsbókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Hún var haldin 21. september 2024 undir yfirskriftinni *Grín í barnabókum*. IBBY á Íslandi er hluti af alþjóðlegum samtökum um barnabókmenntir og barnamenningu og gefur enn út tímaritið *Börn og menning*. Upplýsing hefur átt fulltrúa í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. IBBY á Íslandi eru frjáls félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir og barnamenningu á Íslandi. Áhugasömum er bent á heimasíðu félagsins, [ibby.is](http://ibby.is).